

082/01 - Helga María AK 16

Helga María AK 16, fær á sig brotsjó, maður slasast

Helga María AK 16

Skipaskr.nr.: 1868

Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1988 Stál

Stærð: 883,00 brl; 1.470,00 bt

Lengd: 56,86 m **Breidd:** 12,60 m **Dýpt:** 7,70 m

Vél: Wartsila 2.200,00 kW **Árgerð:** 1988

Annað:

Földi skipverja: 27



Atvikalýsing

Hinn 27. apríl 2000 var Helga María AK 16 á úthafskarfaveiðum út af Reykjaneshrygg. Veður skv. skipsdagbók var SA-18-20m/sek.

Eftir um 13 tíma tog kl. 13:15 var pokinn kominn upp á dekk með um 24 tonn af fiski. Verið var að snúa skipinu upp í veður, en áður en það tókst reið brot yfir mitt skipið bakborðsmeginn og inn á dekkið. Skipverji var staddur fyrir aftan pokann og var að losa rennilásinn þegar sjór skall á hann og kastaði honum á lunningu stjórnborðsmeginn. Fékk hann mikið högg á hægri síðu frá nára og upp í öxl auk þess sem hann hafði töluverðan höfuðverk eftir óhappið.

Þann 29. apríl var líðan skipverjans orðin þannig að haft var samband við lækni og var þyrla send á móts við skipið og sótti hinn slasaða og flutti hann á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram

- að verið var á veiðum við aðstæður sem teljast megi varhugaverðar;
- að skipverjar á þilfari höfðu verið sendir til vinnu áður en búið var að snúa skipinu upp í veður, en það var gert eftir mati skipstjórnenda hverju sinni;
- að skipverjar voru ekki með líflínur eftir að hlið var tekið upp;
- að ekki voru aðrar ráðstafanir gerðar sem ætla mætti að hefðu verið nauðsynlegar við þessar aðstæður svo sem að biðja menn að vera á sérstöku varðbergi;
- að skv. frásögn slasaða hefur skipið nokkrum sinnum áður orðið fyrir álíka áföllum á undaförnum árum þar sem skipverji hefur slasast og tjón orðið á skipinu;
- að samkvæmt frásögn skipstjóra hefur verið um minniháttar atvik að ræða og ekki slys á mönnum;
- að ekkert af meintum áföllum voru tilkynnt eða komu til umfjöllunar hjá rannsóknarnefnd sjóslysa.

Nefndarálit

Nefndin telur að orsök slyssins megi rekja til stjórnunar og siglingar skipsins.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að til séu verklagsreglur um borð í skipum og farið sé eftir þeim.